

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 5. marz 2025

### Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra frumvarpsdraga, sem birtust í samráðsgátt stjórnvalda 14. febrúar sl.

FA fagnar þeim áformum, sem gerð er grein fyrir í kafla 3.8. í greinargerð frumvarpsins, að fella niður fasteignaskattsframlagið. FA tekur undir það sem þar kemur fram, að framlagið hafi í raun verið skattahvetjandi.

Félagið hefur verið í reglulegum samskiptum við sveitarfélögin á undanförunum árum og sent þeim hvatningar um að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði til að mæta miklum hækkunum fasteignamats. Sum sveitarfélög hafa tekið þeim áskorunum vel og lækkað álagningarprósentu þannig að þyngingu skattbyrði á fyrirtækin sé stillt í hóf. Hitt er algengara, einkum hjá smærri sveitarfélögunum, að lýst sé skilningi á áhyggjum atvinnurekenda af hækkandi fasteignasköttum, en vísað til reglna Jöfnunarsjóðsins um tengingu framlagsins við nýtingu skattstofnsins, þ.e. að framlög lækki ef viðkomandi sveitarfélag fullnýtir ekki skattstofninn. FA er eindregið þeirrar skoðunar að afnema eigi slík skattahvetjandi ákvæði úr lögum um sjóðinn.

FA telur að það sama eigi við um ákvæði frumvarpsins um að fullnýting útsvars sé skilyrði fyrir fullum framlögum úr Jöfnunarsjóði. Félagið hvetur til þess að þau ákvæði frumvarpsins verði endurskoðuð þannig að ekki verði dregið úr hvata vel rekinna sveitarfélaga til að halda skattheimtu í lágmarki.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA